

**27. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins** 1872.  
**yfir Íslandi, um tekjur af brauði.** 28. febrúar.

Með bréfi, dagsettu 9. nóvbrm. f. á., ásamt fylgiskjólum, hafð þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem Ísleifur Einarsson, fyrrum prestur að Stað í Grindavík í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem fékk veitingu fyrir þessu brauði 19. ágúst 1868, en kaus heldur að sitja á brauði því, sem hann til þess tíma hafði haft; til næstu fardaga, hefir lagt það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort hann eigi, samkvæmt tilsk. 6. janúar 1847<sup>1)</sup> ásamt með tilsk. 3. febrúar 1836, IV.<sup>2)</sup> hafi tilkall til nokkurs hluta af þeim tekjum, sem Stefán prestur Thorarensen, er þjónaði Staðar kallinu á fardagaárinu 1868—69, hefir haft af því brauði afdráttarlaust.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtuð það, að stjórnarráðið fellst á það, sem héraðs-prófasturinn, sira Þórarinn Böðvarsson, hefir stungið uppá í áliti sínu um þetta mál, en samkvæmt því skuli sèra Stefán Thorarensen halda afdráttarlaust þeim tekjum af tæðu kalli, sem fallnar eru fyrir 19. ágúst 1868, en þeim tekjum, sem eru fallnar frá þessum tíma til næstu fardaga, skuli skipta milli hans og prestsins Ísleifs Einarssonar eptir þeim reglum, sem settar eru í tilsk. 3. febr. 1836, IV.

**28. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-** 28. febrúar.  
**valdanna á Íslandi, um launaviðbót handa fyrsta**  
**kennara við prestaskólann, Helga Hálfánarsyni.**

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði skrifazt á við dóms-málastjórnina útaf bænarskrá, sem þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, senduð hingað með bréfi, dagsettu 21. nóvbrm. f. á., frá fyrsta kennara við prestaskólann á Íslandi,

<sup>1)</sup> Lovsamling for Island, XIII., 569.

<sup>2)</sup> Lovsamling for Island, X., 687.